

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0084  
SS

## Efni: Uxahryggjavegur. Umsögn um matsskyldu framkvæmdar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 27. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Vegagerðarinnar á Uxahryggjarvegi (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnum hefur kynnt sér greinargerð um tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Framkvæmd á Uxahryggjarvegi felur í sér bæði uppbyggingu og nýbyggingu m.a. á gatnamótun og mun valda umtalsverðum áhrifum á náttúru svæðisins. Áhrifasvæði framkvæmdar er stórt en mest verða áhrifin þar sem þörf er á nýbyggingu frekar en uppbyggingu á fyrirbyggjandi vegi. Þá eru áformuð 13 efnistökusvæði þar sem rask og ásýndaráhrif verða töluverð.

Greinargerðin er umfangsmikil með ítarlegri lýsingu á framkvæmd og nákvæmri umfjöllun um áhrif framkvæmdar á marga umhverfisþætti. Byggist sú umfjöllun m.a. á athugunum á vettvangi á t.d. gróðurfari og fuglalífi. Umfjöllun um þessa þætti er ítarleg og vönduð og byggist á fullnægjandi upplýsingum að mati Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin er einnig sammála þeirri niðurstöðu um umhverfisáhrif sem er kynnt í greinargerðinni varðandi þessa tvo umhverfisþætti. Ljóst er að áhrif á votlendi verða sérstaklega neikvæð með umtalsverðri óafturkræfri röskun á lítt snortnu heiðavotlendi. Um er að ræða votlendi sem er stærra en 2 ha og fellur því undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (sérstök vernd). Stefnt er að endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem raskast og í raun stærra svæðis sem er jákvætt en ekki kemur fram hvar sú endurheimt verður.

Umfjöllun um landslagsáhrif mætti vera ítarlegri og byggjast á skýrari framsetningu á gögnum t.d. myndefni sem sýnir ásýndarbreytingar. Einnig mætti vera betri umfjöllun um jarðminjar og hvar og hversu mikið rask verður á ólíkum gerðum jarðminja, jafnvel þótt engar þeirra falli undir sérstaka verndun.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdin og umhverfisáhrif hennar þess eðlis að mat á umhverfisáhrifum væri æskilegt. Hins vegar hefur þegar farið fram greinargóð söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra fyrir ákveðna umhverfisþætti m.a. gróðurfar og fuglalíf. Eins og áður sagði mætti safna betri gögnum um áhrif á landslag og jarðminjar.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

